




Verknúmer: AR01-41
23. janúar 2009/ 5. maí 2009

Skipulags- og byggingarsvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111, Fax: 411-3071
Netfang: skipbygg@rvk.is

Tímabundin aðstaða fyrir fisflug í Hólmsheiði - Breytingar á stígakerfi


Skýringar

Athafnasvæði	
Hafnar- og athafnasvæði	
Opið svæði til sérstakra nota	
Blönduð landnotkun	
Innri höfn	
Vinnslusvæði v. jarðhita	
Íbúðasvæði	
Miðborg	
Miðsvæði	
Blönduð byggð	
Svæði f. þjónustustofnanir	
Jarðgöng	
Tengivegir	
Stofnvegir	
Mislæg gatnamót	
Göngubrú/undirgöng	
Akstursbrú/undirgöng	
Stofnstígar	
Tengistígar	
Svæði sem breyting nær til	
Íþróttasvæði (Sport grounds)	
Hesthúsabyggð (Staples)	
Golfvöllur (Golf course)	
Kirkjugarður (Cemetery)	
Ræktunarsvæði (Nursery)	




○ Staðsetning

Gildandi aðalskipulag 2001-2024:




Ný mynd í Greinargerð I

(verður 10. mynd í kafla 3.2.3):



Tímabundin aðstaða til fisflugs í Hólmsheiði. Afmörkun áhrifsvæðis (F/S) lendarastaðar og brautarstefnur.

Tillaga að breytingu á stígakerfi í Hólmsheiði:



Breytingar á þéttbýlisuppdrætti (1:30.000) (Mælikvarði m.v. A2.)

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2001-2024

Tímabundin aðstaða fyrir fisflug í Hólmsheiði. Breytingar á stígakerfi.

Greinargerð:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Hólmsheiðin öll skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Hólmsheiðin er jafnframt innan græna treflisins, sem skilgreindur er í aðal- og svæðisskipulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið þróist til framtíðar sem almennt útivistar- og skógræktarsvæði. Í skilgreiningu svæðisskipulagsins á græna treflinum er gert ráð fyrir að ýmis konar fristundaiða geti þrífist innan treflisins, enda séu slík svæði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi. Í samræmi við þetta er Hólmsheiðin skilgreind í heild sinni sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulaginu, enda er um almikla mannvirkjagerð á svæðinu að ræða, s.s. vegna ræktunar, stígagerðar og útivistariðu.

Þegar ljóst var að loka þyrfti núverandi aðstöðu til fisflugs í Úlfarsárdal, vegna uppbyggingar íbúðarhverfa, var hafist handa við að leita að nýjum stað fyrir umrædda fristundaiðu. Markmiðið var að finna stað innan Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins sem hentaði vel til þessari iðu og uppfylltu óskir Fisflugfélagsins. Hólmsheiðin var meðal þeirra staða sem komu til álita við staðarval fyrir fisflug. Aðrir staðir sem komu til greina voru Kjalarnesíð, Álfnes, Sandskeið og austurhluti Úlfarsárdaals við Skyggni. Niðurstaða forathugunar var sú að Hólmsheiðin væri eini álitlegi kosturinn innan marka Reykjavíkur (sjá að öðru leyti umhverfisskýrslu).

Lendarastaður fyrir fisflug fellur undir reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli. Fisflug og aðstaða þess telst að öðru leyti ekki falla undir lög og reglugerðir um samgöngur, enda um fristundaiðu að ræða. Aðstöðu fyrir fisflug er því eðlilegast að skilgreina sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi, líkt og dæmi er um fyrir "fristunda" flugvelli, enda um starfsemi að ræða sem kallar á takmarkaða mannvirkjagerð.

Tyrfur lendarastaður fyrir fisflug er því talin í samræmi við megin stefnumörkun aðal- og svæðisskipulags um Hólmsheiðina sem skóg-ræktar- og útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri aðstöðu til fristundaiðu. Vegna þess að hér er um að ræða fristundaiðu sem mögulega getur haft áhrif á aðra fristundaiðu á Hólmsheiði er talið rétt að afmarka svæðið sérstaklega á skýringarmynd í greinargerð aðal-skipulagsins og gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum fisflugsins. Tillaga um aðstöðu fyrir fisflug kallar sem slík ekki á breytinga á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagsins (þéttbýlisuppdrætti 1:30.000), enda um tímabundna aðstöðu að ræða, en leiðir hinsvegar til þess að gerð er tillaga um breytingu á reiðstígakerfi á svæðinu. Breytt útfærsla stígakerfisins (sjá meðfylgjandi myndir) er niðurstaða samráðs við fulltrúa hestamanna.

Breytingin er talin samræmast megin stefnumörkun svæðisskipulags um Hólmsheiðina og græna treflinn, sbr. umfjöllun hér að ofan, ekki síst í ljósi þess að um tímabundna starfsemi er að ræða sem ekki kallar á breytingu á landnotkun aðalskipulagsins.

Í samningi við Fisflugfélagið verða endurskoðunarákvæði og kveðið á um frágang svæðisins í samræmi við markmið um framtíðarþróun svæðisins sem almenns útivistarsvæðis.

Tillagan felur í sér stefnumörkun er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (sjá lið 10 b í 2. viðauka). Á þeim grundvelli er lagt fram umhverfismat (sbr. lög nr. 105/2006) með breytingartillögu þessari, sjá meðfylgjandi umhverfisskýrslu skipulags- og byggingarsviðs (janúar 2009) og stutta samantekt hér að neðan.

Umhverfismat—samantekt:

Áhrif breytingarinnar eru í meginatriðum talin óveruleg. Það er einkum áhrif á aðra útivistariðu, sem gætu orðið neikvæð. Þau áhrif er hinsvegar ekki talin verða verulega. Breytt lega reiðstíga á svæðinu, sbr. aðalskipulagstillagan, gerir það að verkum að áhrif fisflugs á hesta-umferð verða takmörkuð. Sjá að öðru leyti umhverfisskýrslu skipulags- og byggingarsviðs (maí 2009)

Aðalskipulagsbreyting:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Við kafla 3.2. (Greinargerð I) bættist við nýr kafla 3.2.3. Landnotkun í Hólmsheiði 2001-2024 og skýringarmynd, 10. mynd (sjá hér til hliðar). Eftirfarandi texti verður í kaflanum: Hólmsheiðin er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Markmið aðal-skipulagsins er að byggja svæðið upp sem útivistarsvæði, m.a. með skógrækt (S). Á afmörkuðum svæði í Hólmsheiði er gert ráð fyrir fristundaiða, sbr. ákvæði um opin svæði til sérstakra nota. Meðal annars er gert ráð fyrir tímabundinni aðstöðu fyrir fisflugi, tóni til lendarar og annarri aðstöðu á melum sunnan Langavatns.
- Stígur norðan hitaveitulagnar, til norðurs vestan Langavatns, breytist úr reiðstíg í stofnstíg. Reiðstígur, norðvestan Langavatns, breytir lítillega um legu.

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í borgarráði þann _____ 200_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____ 200_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann _____ 200_.